

Fundargerð aðalfundur Þroskaþjálfafélags Íslands

Þriðjudaginn 23.05.2023 kl.16:30 var 58. aðalfundur Þroskaþjálfafélags Íslands haldin í Borgartúni 6, 3. hæð, 105 Reykjavík.

1. 1. Fundur settur: Laufey Elísabet Gissurardóttir formaður Þroskaþjálfafélags Íslands setti fundinn og bauð alla fundargesti (fundargestir á fundarstað voru 30 og 23 í streymi) velkomna á 58. aðalfund Þroskaþjálfafélags Íslands en félagið var stofnað 18. maí 1965. Hún lagði til að eftirfarandi aðilar yrðu kosnir starfsmenn fundarins.

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir, fundastjóri.

Steinunn Jónsdóttir og Herdís Hersteinsdóttir, fundarritarar.

Tillaga um starfsmenn fundarins var samþykkt af öllum fundarmönnum.

Jóhanna Lilja tók við stjórn fundarins og gengið var til dagskrár.

2. Skýrsla stjórnar lögð fram: Laufey, formaður ÞÍ, fór yfir skýrslu stjórnar sem er aðgengileg á [heimasíðu félagsins](#). Farið var yfir hverjir skipuðu stjórn ÞÍ síðasta starfsár og hverjir tengiliðir stjórnar voru við ráð, nefndir, sjóði og félög tengd starfi félagsins. Einnig var farið yfir verkefni unnin á skrifstofu félagsins. Níu hefðbundnir stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu. Fram kom í máli Laufeyjar að starfið hafi litast af undirbúningi fyrir kjarasamninga. Gert var samkomulag um samflot BHM, BSRB og KÍ (Kennarasambandsins) í kjaraviðræðunum við viðsemjendur. Formenn þessara bandalaga gerðu rammasamkomulag sem gengið var út frá í samningaviðræðum en því til viðbótar voru svo sérmál hvers félags. Búið er að samþykkja framlengingu á kjarasamningi ÞÍ við ríkið, Samband íslenskra sveitarfélaga og kjarasamningur ÞÍ við Reykjavíkurborg er í kosningu hjá félagsmönnum. Fram kom hjá Laufeyju að kynning hafi verið á samningnum fyrir þroskaþjálfu hjá Reykjavíkurborg í dag og svo fari af stað vinna vegna kjarasamninga fyrir Ás styrktarfélag og Skálatún. Nokkrir fundir hafi einnig verið við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu. Kosningaþátttaka um kjarasamninga félagsmanna hefur verið yfir 50% til þessa og hvetur Laufey félagsmenn til að nýta kosningaréttinn.

Þó að mikill þungi hafi verið í vinnu við kjarasamninga þá benti Laufey á að Þroskaþjálfafélag Íslands væri bæði stéttar- og fagfélag og fjallaði um mikla og góða vinnu fagraðs félagsins og klöppuðu fundarmenn fyrir ráðinu. Laufey greindi einnig frá því að blaðið [Þroskaþjálfinn](#) væri komið út á heimasíðu félagsins og send yrði út tilkynning að loknum aðalfundi á allt félagsfólk þí um útgáfuna. Um metnaðarfulla útgáfu væri að ræða og klöppuðu allir fundargestir fyrir vinnu útgáfuráðs. Stéttarfélagar í ÞÍ eru í dag 788 og 12 fagaðilar eru að félaginu. 746 konur og karlar eru 54. Möguleiki er einnig fyrir þroskaþjálfanema að vera með aukaaðild að félaginu. Trúnaðarmannaráð var kynnt og hefur náðst að manna það nánast allt. Teams fundir hafa nýst vel með trúnaðarmannaráði og einnig var haldinn starfsdagur með þeim árið 2022. Á vegum BHM eru haldnir formannafundir nær mánaðarlega þar sem farið er yfir mál aðildarféлага og bandalagsins og situr Laufey þá fundi. Í nóvember 2022 sendi félagið frá sér yfirlýsingu ásamt Félagsráðgjafafélagi Íslands, Iðjuþjálfafélagi Íslands og Sálfræðingafélagi Íslands þar sem tekið var heilshugar undir yfirlýsingu Landsamtakanna Þroskahjálpar um framkvæmd brottvísunar fatlaðs flóttamanns. Auk þess var bent á Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Starfsdagar þroskaþjálfna tókust mjög vel og fram kom á fundinum að mikilvægt hefði verið að geta haldið starfsdaga og skapa tækifæri fyrir þroskaþjálfna að hittast aftur á slíkum vettvangi eftir heimsfaraldur. Laufey minnti á að alþjóðlegur dagur þroskaþjálfna sé 2. október og hvatti félagsmenn til að gera stéttina sýnilega á þessum degi. Það er mikilvægt að alþjóð viti fyrir hvað við stöndum. Félagið er aðili að Nordisk Forum for socialpedagoger (NFFS) og er stjórn félagsins nú í höndum Íslands og Færeyja. Haldnir verða fundir á vegum NFFS í júní og október hér á landi og verður áhersla lögð á að gefa þátttakendum innsýn í málefni fatlaðs fólks á Íslandi. Þroskaþjálfafélag Íslands er í samstarfi við íslenska háskólasamfélagið og í máli Laufeyjar kom fram að á síðasta ári hafi fyrsti hópur nemenda í þroskaþjálfrafræði útskrifast eftir fjögurra ára nám til starfsleyfis. Engin útskrift var í HÍ fyrir starfsréttindanámið og ákveðið var að ÞÍ stæði fyrir útskriftarathöfn í sal BHM í samstarfi við háskólann og tókst sú athöfn mjög vel. Ákveðið var að endurtaka samstarfið aftur þetta árið.

Að lokum kom fram í máli formanns að nefndir og ráð hafi fundað mikið í gegnum fjarfundabúnað á síðasta starfsári. Því fylgir mikill tímasparnaður og hafi auðveldað

meðlimum nefnda og ráða að vera virkir þátttakendur í starfi félagsins vítt og breitt um landið. Skýrslur einstakra nefnda og ráða er einnig að finna í ársskýrslunni.

2. Gjaldkeri lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu og gerði grein fyrir

fjárhag félagsins: Bjarnveig Magnúsdóttir, gjaldkeri ÞÍ fór fyrst yfir [Ársreikning ÞÍ](#) ásamt sundurliðunum og skýringum. Í kjölfarið var orðið gefið laust varðandi ársreikninginn. Anna Lilja Magnúsdóttir framkvæmdastjóri tók til máls og skýrði frá því að nú væri þóknun stjórnar skráð sérstaklega en hafði í fyrri ársskýrslum verið inni í launakostnaði. Það skýri ákveðinn mun á milli ára í ársreikningi en verið sé að færa skráningu til samræmis við það sem gert sé hjá öðrum aðildarfélögum BHM. Einnig nefndi Anna Lilja að félagið hafi fengið styrki úr Starfsþróunarsetri háskólamanna m.a. fyrir kjarasamningsnámskeið sem samninganefnd félagsins þurfti að sitja og fyrir ferðum á vegum félagsins. Þessa styrki má finna í tekjuhlua ársreikningsins undir liðnum Starfsþróunarsetur háskólamanna. Fundargestir voru upplýstir um að sótt sé um í þessum sjóði þegar það nýtist fyrir heildina í félaginu. *Fundarstjóri bar upp ársreikninginn til samþykktar sem var samþykktur af fundarmönnum. Enginn var á móti.*

Í ársreikningi [Kjaradeilusjóðs ÞÍ](#) kynnti Bjarnveig styrki og rekstrarkostnað. Eignir handbærar í sjóðnum eru tæpar 39 milljónir. Fundarstjóri óskaði eftir spurningum um ársreikning Kjaradeilusjóðs en engar komu fram. *Að því loknu bar hann upp ársreikninginn til samþykktar og var hann samþykktur af fundarmönnum. Enginn var á móti.*

Að lokum fór gjaldkeri ÞÍ yfir [ársreikning Vísindasjóðs](#) en í honum voru tæplega 78 milljónir króna og greitt var úr honum 74 milljónir króna í styrki til félagsmanna. Fram kom að sjóðurinn tæmist einu sinni á ári þegar styrkir eru greiddir út. Fundarstjóri óskaði eftir spurningum um ársreikning Vísindasjóðs en engar spurningar voru bornar upp. *Þá var ársreikningurinn borinn upp til samþykktar á fundi og var hann samþykktur af fundarmönnum. Enginn var á móti.*

3. Lagabreytingar: Engar tillögur um lagabreytingar bárust fyrir aðalfundinn.

4. Kosning í stjórn, nefndir og ráð: Formaður Kjörnefndar Ragnhildur Þórarinsdóttir fór yfir [tillögur kjörnefndar í stjórn, nefndir og ráð](#).

Tveir stjórnarmanna gáfu kost á sér til áframhaldandi starfa fyrir tímabilið 2023-2025 en það eru þær Halldóra J. Sanko, varaformaður ÞÍ og Jóhanna Lilja Ólafsdóttir meðstjórnandi. Því til

viðbótar gaf Anna Björk Sverrisdóttir kost á sér í stjórn ÞÍ. *Engin mótframboð voru og uppstilling kjörnefndar samþykkt með lófaklappi á fundinum.*

Í útgáfuráði gefa Trausti Júlíusson, Anna María Skúladóttir og Rósa Hrönn Árnadóttir kost á sér fyrir starfstímabilið 2023-2025. *Engin mótframboð voru og uppstilling kjörnefndar var samþykkt með lófaklappi á fundinum.*

Í fagráði gefa þau Aron Frey Hermannsson, Sigríði Árnadóttur og Jóhanna Margréti Einarssdóttir kost á sér til starfa fyrir tímabilið 2023-2025. *Engin mótframboð voru og uppstilling kjörnefndar samþykkt með lófaklappi á fundinum.*

Í laganefnd gefa þau Damian Marek Idzikowski, Guðlaug Valgeirsdóttir og Katrín Eyjólfssdóttir kost á sér fyrir starfstímabilið 2023-2025 *Engin mótframboð voru og uppstilling kjörnefndar samþykkt með lófaklappi á fundinum.*

Í kjörnefnd gefa þær Stefanía Smáradóttir og Álfheiður Hafsteinsdóttir kost á sér fyrir starfstímabilið 2023-2025. *Engin mótframboð voru og uppstilling kjörnefndar samþykkt með lófaklappi á fundinum.*

Að lokum var öllum þeim sem létu af störfum í stjórn, ráðum og nefndum félagsins þakkað fyrir þeirra störf og nýir aðilar boðnir velkomnir.

Í siðanefnd eru meðlimir tilnefndir af stjórn ÞÍ. Sigrún Broddadóttir gefur kost á sér sem varamaður fyrir starfstímabilið 2023-2026.

5. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara: *Sigríður Rut Hilmarsdóttir og Fanney Sumarliðadóttir gáfu kost á sér fyrir næsta starfsár og voru sjálfkjörnar.*

6. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram og félagsgjöld ákveðin: Anna Lilja Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri ÞÍ kynnti [fjárhagsáætlun ÞÍ](#) fyrir næsta starfsár. Meðal þess sem kom fram í máli Önnu Lilju er það að stéttarfélagsgjöldin hafi verið markvisst lækkuð síðustu ár svo félagið sé samkeppnishæft. Markmiðið sé að gjöldin sem greidd séu til félagsins séu sem lægst. Fagfélagsgjöld eru áætluð þau sömu og komu inn árið á undan. Ljóst er að uppfæra þurfi heimasíðu félagsins og mikilvægt er að safna meira fé inn í kjaradeilusjóð ÞÍ.

Félagsgjöld: Stjórn leggur til að félagsgjöldin séu 0,95% af heildarlaunum og fagfélagsgjöldin 12.000 krónur. *Fundarstjóri bar upp félagsgjöld ÞÍ og voru þau samþykkt af fundarmönnum. Enginn á móti.*

7. Önnur mál: Ein fyrirspurn barst um fjölda aðila með fagfélagsaðild í ÞÍ og eru þeir 12 manns.

Formaður félagsins tók til máls í lok fundar og kallaði upp þá sem létu af störfum í stjórn, nefndum ráðum og þakkaði þeim fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. ÞÍ vilji vera öflugt félag og hvatti hún félagsfólk til að vera virkir þátttakendur í störfum félagsins.

58. aðalfundi ÞÍ slitið kl.17:31

Undirritunarsíða

Framkvæmdastjóri Þroskaþjálfafélags Íslands
Anna Lilja Magnúsdóttir

Fundarritari aðalfundar ÞÍ 2023
Steinunn Jónsdóttir

Fundarritari á aðalfundi ÞÍ 2023
Herdís Hersteinsdóttir